


Aðalfundur 2010



Flugmóðelfélag Suðurnesja

Fundargerð

Aðalfundur settur kl.19:50 í morgunverðarsal Hótel Keflavíkur.

Mættir:

Albert Guidice, Ágúst Borgþórsson, Eiríkur Finnsson, Eiríkur H. Sigurjónsson, Guðmar Marelsson, Guðni Sigurjónsson, Guðni V. Sveinsson, Gunnar M. Magnússon, Helgi Helgason, Jóhann H. Þorsteinsson, Lejon P. Pattison, Magnús Kristinsson, Ólafur Magnússon, Ólafur Ólafsson, Pétur Hjálmarsson, Ragnar Ingason, Steinþór Agnarsson, Sigurður S. Magnússon og Sverrir Gunnlaugsson.

Magnús Kristinsson formaður setti fundinn kl.19:50 og stakk upp á Sverri Gunnlaugssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða. Því næst kynnti formaður skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2009.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri fór því næst yfir reikninga félagsins og Pétur H. spurði út í bakreikning vegna Steypu framkvæmda 2008 og var það útskýrt. Helgi H.vildi vita hvað Innherjar væru og var það útskýrt. Reikningar voru svo samþykktir án athugasemda. Þá var fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið kynnt en félagsgjöld hækka í 4.500 fyrir yngri en 18 og 9500 fyrir aðra. Var það samþykkt.

Næsti liður var kosning í stjórn en að þessu sinni var komið að því að kjósa gjaldkera og formann. Sverrir Gunnlaugsson bauð sig fram til áframhaldandi starfa sem gjaldkeri og Magnús Kristinsson sem formaður. Þar sem engin mótframboð bárust þá voru þeir kosnir rússneskri kosningu.

Engar tillögur eða lagabreytingar lágu fyrir að þessu sinni.

Undir liðnum önnur mál spurði Lalli um innflugið og hvort stæði til að halda því áfram 2010-2011. Já það stendur til en við erum samt háðir því að fá inni í íþróttamannvirkjum á svæðinu og erum víkjandi gagnvart öðrum. Í framhaldi af þessu var rætt um innflugmál almennt. Helgi spurði út í kynningarmál á klúbbnum, hafði þemadaga í Fjölbraut í huga en of seint er að komast þar inn að þessu sinni.

Rætt var um fasta viðverutíma kl.10 á sunnudögum og ákveðið að halda því áfram þar sem það hefur gefist vel og menn hafa gaman af.

Rætt var um mótaskrána en hún kemur á netið á næstunni og verður svipuð og undanfarin ár, mest af mótunum í maí og júní.

Hugmynd um skiltamerkingar á Reykjanesbraut um næstu Ljósanótt til að laða fleiri að á Arnarvöll.

Aðalfundarstörfum var svo slitið kl.20:25.

Þá var komið að Uppskeruhátíð FMS þar sem viðstaddir höfðu átt kost á að panta sér mat og svo kl. 21 var vídeóannáll FMS fyrir árið 2009 frumsýndur.

Sverrir Gunnlaugsson